
Leikskólinn Efstihjalli

Starfsáætlun 2026-2027



Leikskólar Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efnisyfirlit

Formáli....2
Inngangur....3
1. Skólastarfið/Leiðarljós....4
2. Mat á skólastarfi....4
Innra mat leikskólans....4
Innra mat 2025 – 2026....5
Ytra mat....6
Skólapúlsinn meðal foreldra vor 2026....6
Vinnustaðagreining meðal starfsfólks vor 2026....6
3. Umbótaáætlun....7
4. Áherslur í starfi leikskólans....8
5. Þróunar- og nýbreytnistarf....8
Markmið Bók barnsins....9
6. Foreldrasamstarf....10
Foreldraráð....10
Foreldrafélag....10
7. Starfsfólk....10
8. Símenntunaráætlun....11
Skipulagsdagar....11
9. Aðrar upplýsingar....11
10. Húsnæði og lóð....11
Skólaárið 2025 – 2026....11
Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027....11
11. Öryggismál....12
Lokaorð....12
Fylgigögn....12
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun....13
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun....13
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal....13
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs....13

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Í síðustu starfsáætlun var fjallað um þær breytingar sem áttu sér stað á skólaárinu 2024 - 2025. Á skólaárinu sem er nú að ljúka, 2025-2026, hefur verið unnið að því að festa þær í sessi. Skólaárið einkenndist af því að prófa aðferðir, meta þær og bæta ef þurfa þótti. Deildarfundir, deildarstjórafundir og starfsdagar voru nýttir í mat á starfsaðferðum og höfðu allt starfsfólk tækifæri til að bera upp erindi og koma að endurmati. Á komandi skólaári munu börnin hafa formlegra hlutverk í mati á leikskólastarfinu.

Eitt af meginatriðum skólaársins var að gefa leiknum meira vægi og auka valkosti barnanna í leiknum, eins og aukið val um leiksvæði og leikfélaga. Þessi tími dagskipulagsins er kallaður *flæði* og byggir á auknum áherslum frjáls leiks í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2023. Þar sem allar deildir leikskólans komu að flæðinu mættust mörg sjónarhorn sem voru rædd, prófuð og metin. Úr varð starfslýsing fyrir starfsfólk sem og markmið í námi barnanna. Málörvun var einnig stór þáttur á skólaárinu og verður áfram, enda rauði þráðurinn í leikskólastarfinu. Unnið var að ýmsum verkefnum eins og stór aukinni fræðslu til starfsfólks, bætt viðhorf gagnvart bókum og sögum með reglulegu bókabíói, bættri umgengni við bækur og aukið samstarf við bókasafn bæjarins. Að auki tóku deildirnar upp *bókaorm vikunnar* þar sem hvert barn var í aðalhlutverki ásamt sinni uppáhalds bók. Þá var unnið enn frekar með myndrænan tjáningarmáta og skipulag, Tákn með tali var rifjað upp og nýtt tákn kynnt í hverri viku þvert á leikskólann, sem og reglulega voru lögð inn orðatiltæki á borð við *að reka lestina* og *að leggja höfuðið í bleyti.* Tekið var inn námsefnið K-PALS fyrir elstu börnin með miklum árangri og verður því hluti af starfi elstu barnanna í Efstahjalla.

Starfsumhverfi var bætt til muna með aðgengi barna að leikefni í huga sem og bætt hljóðvist. Hafði það tilætluð áhrif á leikskólastarfið, þar sem leiksvæðin voru orðin fleiri og fjölbreyttari. Oft er talað um umhverfið sem þriðja kennarann og upplifði starfsfólk

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026


breytinguna sem slíka, að umhverfið studdi betur við leik og starf. Hljóðvist var bætt til muna sem hefur jákvæð áhrif á alla sem leikskólann sækja.

Sérkennsluteymi leikskólans, eða Litahellir, hefur haldið áfram að þróa starfsaðferðir sínar. Hópurinn samanstendur af leikskólakennurum, leikskólakennaranemum og öðru fagfólki. Teymið vinnur þvert á deildir leikskólans og er í nánu samstarfi við þær. Teymið mun halda áfram að þróa starfsaðferðir og endurmeta þær á komandi skólaári.

Í síðustu starfsáætlun var lögð mikil áhersla á að bæta starfsanda innan leikskólans og mælingar sýna fram á töluverðan árangur. Lögð verður áhersla á að viðhalda þeim árangri þar sem góður starfsandi helst í hendur við gæða leikskólastarf, eins og sjá má á umfjöllun hér að ofan.

1. Skólastarfið/Leiðarljós

Leiðarljós leikskólans Efstahjalla eru: Fjölmenning, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og sköpun. Grunnurinn að því að skapa gæða leikskólastarf eru samskipti og rauði þráðurinn í gegnum starfið er málörvun. Helsta námsleið barnanna er leikurinn. Þessi skýringamynd sýnir á einfaldan hátt hvað Efstihjalli stendur fyrir.



2. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Efstahjalla eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks.

Matsteymi: Matsteymi leikskólans þarfnast endurnýjunar og verður unnið að því á komandi skólaári.

Matsþættir	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x
Starfsánægja	x	x	x	x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x	x	x	x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Viðhorf foreldra	x	x	x	x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Innra mat 2025 – 2026

Innra mat fór fram reglulega yfir skólaárið, ýmist á deildarfundum, starfsmannafundum eða deildarstjórafundum. Innleiðing á frjálsum leik á milli deilda, eða *flæði,* hélt áfram og var stöðugt endurmat og prófanir á framkvæmd. Lögð var aukin áhersla á samstarf milli yngri deildanna þriggja í gegnum sameiginlegt hópastarf. Þá var reglulegt samráð milli deildanna og lagfært eftir þörfum.

Tekið var inn námsefnið K-PALS fyrir elstu börn leikskólans sem tilraunaverkefni. Það var símat sem og var HLJÓM-2 lagt fyrir öll börn í tvígang.

Sérkennsluteymið, *Litahellir*, starfaði í teymi og voru vinnubrögð í stöðugri þróun og endurskoðun. Það mun halda áfram á næsta skólaári. Teymið var einnig að meta og prófa sig áfram með framkvæmd skimana og matslista. Foreldrar fengu kynningu í foreldrasamtölum eða á teymisfundum. Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri leiddu farsæld barna og sáu um mat í samráði við verkefnastjóra farsældar.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Samantekt á niðurstöðum kannana og eftirlits koma hér. Umbóta getið í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Skólapúlsinn meðal foreldra vor 2026

Könnun meðal foreldra barna í Efstahjalla var framkvæmd í febrúar-mars 2026. Svarhlutfall var 81,3% en könnunin er send handahófskennt á annan forráðamann barns.

- Samanburður niðurstaðna foreldrakönnunar Skólapúlsins á milli ára sýnir mjög jákvæða þróun í upplifun af starfi leikskólans. Sérstaklega ber að nefna að ánægja með leikskólann hefur aukist verulega á tímabilinu, úr 78,8% árið 2023 í 92,6% árið 2026, sem endurspeglar skýrt jákvæðari upplifun foreldra af heildarstarfi leikskólans.
- Sambærileg jákvæð þróun sést í fleiri lykilþáttum, þar á meðal ánægju með stjórnun, sem hefur hækkað umtalsvert frá 2023, sem og í þáttum eins og mataræði, námsumhverfi og félagslegum samskiptum, þar sem niðurstöður eru bæði háar og sýna stöðuga jákvæða þróun á milli ára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Þessi þróun bendir til þess að þær breytingar og áherslur sem unnið hefur verið með á undanförnum árum hafi haft skýr áhrif á gæði starfsins, bæði í daglegu starfi með börnum og í heildarupplifun foreldra. Á sama tíma má sjá að þættirnir vinnubrögð og upplýsingamiðlun, hafa ekki tekið sömu stökk fram á við eins og aðrir þættir. Þrátt fyrir það má líta svo á að sterk jákvæð þróun á öðrum þáttum skapi traustan grunn fyrir markvissa umbótavinnu á komandi skólaári.

Vinnustaðagreining meðal starfsfólks vor 2026.

Könnun meðal starfsfólks var framkvæmd í mars 2026 á vegum Prósent og var svarhlutfallið 69%.

- Niðurstöður sýna afar skýra jákvæða þróun milli ára og ennfremur að nú stendur leikskólinn á lykilþáttum sambærilega eða betur en aðrir leikskólar í Kópavogi. Þá hafa lykilmælikvarðar líkt og þátturinn starfsánægja hækkað umtalsvert á milli ára (úr 6,7 í 7,7). Áberandi aukin ánægja með starfsþróun, starfsskilyrði, launa- og kjaraþætti kemur fram í könnuninni þar sem leikskólinn er nú einnig kominn yfir meðaltal annarra leikskóla.
- Þá mælast þættir sem tengjast daglegu starfi, svo sem eðli starfsins, hollusta og tryggð, einnig ofarlega, sem bendir til sterkrar tengingar starfsfólks við starf sitt og vinnustaðinn. Starfsfólk upplifir góðan samstarfsanda, góð félagsleg tengsl og er ánægt með faglegt samstarf og mælast þessir þættir mun hærri en þeir hafa gert á síðustu árum. Þá vekur athygli jákvætt mat starfsfólks á næsta yfirmanni, sem er marktækt yfir samanburði við aðra vinnustaði og undirstrikar það sterka faglega forystu á vettvangi.
- Heildarmyndin sýnir því leikskóla sem er með gott og mun betra starfsumhverfi en hér hefur verið síðustu ár og leikskóla sem hefur náð að styrkja stöðu sína verulega í samanburði við aðrar sambærilegar starfsstöðvar.

Ef niðurstöður foreldra og starfsmannakönnunar eru teknar saman er hægt að segja að niðurstöður sýni samhljóma og skýra mynd af mjög jákvæðri þróun í starfi leikskólans á undanförnum árum. Þegar niðurstöður beggja kannana eru skoðaðar saman kemur fram að framfarir eru bæði á sviði faglegs starfs með börnum, í heildar starfsumhverfi og líðan starfsfólks sem og aukinni ánægju foreldra sem styrkir heildarmyndina enn frekar. Foreldrar upplifa aukin gæði í starfinu á sama tíma og starfsfólk upplifir aukinn stuðning, betri aðstæður og sterkari faglega stöðu. Þetta bendir til þess að leikskólinn hafi náð að byggja upp heilbrigt og sjálfbært starfsumhverfi þar sem fagleg þróun og líðan fara saman.

- Heilbrigðiseftirlit ○ *Reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlitsins fór fram í október 2025. Tvær minniháttar athugasemdir voru gerðar og brugðist við þeim.*
- Vinnueftirlitið ○ *Reglubundið eftirlit Vinnueftirlitsins fór fram í maí 2026. Rætt var um vinnuvernd og leikskólinn skoðaður. Leikskólinn fékk skýrslu með athugasemdum og fyrirmælum sem stjórnendur hafa brugðist við.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

- Eldvarnareftirlit ○ *Farið er yfir eldvarnir mánaðarlega.*
- Öryggiseftirlit lóða ○ *Áætlun er til staðar um daglegt öryggiseftirlit á lóð leikskólans sem deildir skipta á milli sín. Umsjónarmaður fasteigna sér um mánaðarlegt eftirlit á tækjum og öryggisbúnaði á lóðinni.*

3. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Efstahjalla er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1. Í umbótaáætlun skólans 2025-2026 voru markmið sem hafa náðst á árinu og ný tekin við.

4. Áherslur í starfi leikskólans

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið
- Leikskólinn stefnir á að sækja um að fá viðurkenningu sem réttindaleikskóli Unicef á skólaárinu árinu. Á sl. ári var áhersla á starfsfólk og komandi skólaári fræðsla til barna og foreldra
- Verkefnið Okkar leikskóli á vegum Kópavogsbæjar fer þannig fram að haldinn er fundur með börnunum og óskað eftir hugmyndum og óskum. Að lokum var kosið úr hugmyndum og keyptir voru búningar í leikskólann, bæði fyrir eldri og yngri börn.
- Verkefnið Bók barnsins heldur áfram á næsta skólaári en leikskólinn hlaut styrk úr þróunarsjóði leikskóla Kópavogs. Markmiðin með verkefninu eru m.a. að örva málþroska, efla læsi, leggja rækt við virkt fjöltyngi, tengja saman heima barnsins; heimili og leikskóla, stuðla að öflugri samskiptum milli barna, leikskóla og heimila og efla sjálfsmynd barnsins.
- Áætlun um læsisstefnu. Næsta vetur verður lokið við að vinna læsistefnu leikskólans og hún gefin út og gerð aðgengileg foreldrum sem og starfsfólki.
- Málstefna leikskólans er í stöðugri þróun en hún er kynnt nýju starfsfólki og foreldrum og er sýnileg í leikskólanum.
- Nýjar áherslur í aðalnámskrá voru innleiddar á síðasta skólaári og eru í stöðugri þróun. Regluleg fræðsla fyrir starfsfólk hefur tekið mið að þessum nýju áherslum. Á næsta skólaári verður lögð meiri áhersla á opinn efnivið í leik og daglegu starfi.
- Ný skólanámskrá er langt á veg komin og verður gefin út í haust.
- Hæfnirammar í íslensku eru nýttir sem skimunar og stöðukönnun fyrir börn með annað heimamál en íslensku.
- Handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er nýtt í leikskólanum og notuð til að styðja kennara t.d. með gátlistum og viðtalsformi fyrir móttökuviðtöl sem leikskólinn hefur aðlagað að sínum þörfum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Farsældin. Starfsfólk hefur fengið fræðslu um farsældarlögin og í leikskólanum eru starfandi tveir tengiliðir farsældar. Upplýsingar um tengiliði farsældar eru aðgengilegar á öllum deildum fyrir börn, foreldra og starfsfólk.
- Lausnarteymi fundar reglulega í leikskólanum þar sem farið er yfir mögulegar lausnir og aðgerðir.

5. Þróunar- og nýbreytnistarf

Leikskólanum Efstahjalla var úthlutaður styrkur fyrir skólaárið 2026-2027 frá Þróunarsjóði leikskóla til að vinna að þróunarverkefni sem kallast Bók barnsins.

Börnin í Efstahjalla eru það lánsöm að það eru töluð um 20 tungumál í leikskólanum, bæði í barna- og kennarahópnum. Horft er til kenninga Roma Chumack-Horbatch um virkt fjöltyngi til að styðja sem best við barnahópinn. Samkvæmt kenningum hennar er mikilvægt að leggja áherslu á skólamálið, sem er íslenska í okkar tilfelli, ásamt því að bjóða heimamál barnanna velkomin. Þegar það er gert fá börnin aukinn áhuga á öllum tunguálum, einnig skólamálinu. Tungumál er stór hluti af sjálfmynd hvers einstaklings og í Efstahjalla er stutt við allar hliðar sjálfsmyndar barnanna. Í Efstahjalla er einnig álitið að við erum öll fjölmenning, óháð fæðingarstað barnanna eða foreldra þeirra. Lögð er áhersla á heimamenningu barnanna, þar sem þjóðernismenning er oft ekki partur af daglegu lífi hvers og eins. Til að mynda er þorramatur hluti af þjóðernismenningu á Íslandi en fæstir borða hann oftar en einu sinni á ári. Þegar lögð er áhersla á heimamenningu fá börnin tækifæri til að sjá ólíkar fjölskyldur sem á sama tíma eiga margt sameiginlegt.

Til að leggja rækti við virkt fjöltyngi, opna heim heimamenningar í daglegu starfi og efla sjálfsmynd hvers barns munum við nota Bók barnsins. Segja má að bókin sé nokkurs konar ferliskráning og samskiptabók, blandað saman í eitt. Bók barnsins er þó ekki skilaboðaskjóða um hvað gekk vel í leikskólanum og hvað gekk vel heima, hún heldur utan um það sem fangar athygli barnsins hverju sinni, hvaða verkefni er það að fást við, hvað finnst barninu gaman að gera heima, hverjir eru í fjölskyldu barnsins og margt fleira. Bókin fer frjálst á milli heimilis og leikskóla og er barninu frjálst að setja í bókina heima jafnt og í leikskólanum. Notast er helst við teikningar og ljósmyndir og taka börnin virkan þátt í að setja efni í bækurnar sínar. Þannig verður bókin merkingabær fyrir börnin og hún verður kveikja að samræðum, bæði heima og í leikskólanum og myndar brú bæði á milli tungumála og heimamenningar. Þegar bók barnsins fyllist fær barnið nýja bók og skráningin heldur áfram.

Þegar bækurnar hafa verið í notkun í nokkurn tíma er hægt að sjá feril hvers barns, þróun þess, áhugasvið hverju sinni og sigra, stóra og smáa. Ásamt því hefur bókin stutt við bæði heimamál og skólamál barnanna.

Hugmyndafræði Bókar barnins er sótt til Pen Green í Bretlandi, þar sem áhugi barnanna stýrir verkefninu og þau hafa fullkomið aðgengi að bókunum og sjálfræði. Hugmyndafræðin er einnig sótt í ferlimöppur og samskiptabækur sem margir leikskólar á Íslandi vinna með.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Leikskólinn Miðborg hefur þróað starf með Bók barnsins og var með kynningu fyrir starfsfólk Efstahjalla. Þar sem leikskólarnir Miðborg og Efstihjalli hafa hvor sína menninguna er nauðsynlegt að starfsfólk Efstahjalla þróar eigin aðferðir við Bók barnsins. Í þróunarvinnunni er lögð áhersla á aðferðir starfendarannsókna, þar sem í stuttu máli eru gerðar tilraunir, þær ígrundaðar og haldið áfram í takt við ígrundunina.

Markmið Bók barnsins

- Byggja brú milli heimamáls og skólamáls
- Örva málþroska á öllum tungumálum barnanna
- Auka áhuga barnanna á tungumálum, sem hefur jákvæð áhrif á rækt við skólamálið
- Opna á heimamenningu hvers barns, við erum öll ólík og það er eitthvað sem sameinar okkur öll
- Efla sjálfsmynd hvers barns
- Styðja við 12. og 13. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að börn eiga rétt á að tjá skoðanir sínar og að á þær sé hlustað
- Efla lýðræðisleg vinnubrögð
- Efla læsi ólíkra tungumála og menningarheima
- Efla samskipti milli barnanna, leikskóla og fjölskyldna sem og innan fjölskyldna barnanna

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskólann skv. lögum og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Verið er að manna foreldraráð skólaársins 2026-2027.

Foreldrafélag

Foreldrafélag Efstahjalla er starfandi og stendur m.a. fyrir jólaballi, sveitaferð, sumarhátíð og öðrum viðburðum. Í foreldrafélaginu sitja Edda Björg Jónsdóttir, S. Fanney Margrétardóttir og Glóey Guðmundsdóttir. Kosið er í stjórn á aðalfundi foreldrafélagsins og foreldrum tilkynnt um nýja meðlimi í tölvupósti til foreldra og á heimasíðu leikskólans.

7. Starfsfólk

Í Efstahjalla er gert ráð fyrir 14,4 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 60% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 100% stöðu sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

eldhúsi. Að auki er 4,8 stöðugildi til afleysinga vegna veikinda og undirbúningstíma auk 6,5 stöðugildi vegna viðbótarkennslu.

Leikskólaárið 2026 - 2027 munu starfa í Efstahjalla 9 leikskólakennarar með leyfisbréf auk Þess sem 5 eru í námi í leikskólakennarafræðum. Sérkennslustjóri, verkefnastjóri málörvunar, 6 háskólamenntaðir starfsmenn m.a. með gráðu í myndlist, táknmálsfræði, sálfræði og hárgreiðslu. 1 starfsmaður er í leikskólaliðanámi og 1 í iðnnámi í húsasmíðum. Auk þess starfa í Efstahjalla 15 leiðbeinendur.

8. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

1. *18. september*
2. *11. nóvember*
3. *15. janúar*
4. *9. mars*
5. *7. maí*

Á skipulagsdögum verður boðið upp á fjölbreytta fræðslu. Stefnt er á að fá fræðslu m.a. um skjátíma barna og líkamsbeitingu, Réttindaskóla Unicef, leik og opinn efnivið, læsi og málörvun. Þá verður lögð áhersla á að styrkja áfram jákvæð samskipti í starfsmannahópnum. Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólk til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði.

9. Aðrar upplýsingar

Gert er ráð fyrir að fjöldi barna næsta leikskólaár verði 97 á aldrinum 1-5 ára. Á þessu skólaári voru 44 börn með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn í skólanum, meðaldvalartími barna var 7,2.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

10. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 – 2026

- Viðgerðir á hluta klæðningu
- Viðhald á gluggum og útidyrahurðum
- Viðhald á þakköntum
- Settir gluggar í innihurðir

Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027

- Skýli fyrir hjól og kerrur
- Aðgangsstýring í garðinn eða í húsnæði
- Innrétting og vaskur inni á kaffistofu
- Mála leikskólann að utan
- Viðgerðir á gólfefni
- Viðgerðir á þaki

11. Öryggismál

Öryggisnefnd:
Öryggistrúnaðarmaður: Evelina Vlasovaite
Öryggisverðir: Guðný Rut Isaksen
Áfallaráð: Lena Rut Einarsdóttir Isaksen, Lena Sólborg Valgarðsdóttir, Sandra Dögg Vignisdóttir og Martyna Paczuska

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Sjóvá.
Skólaárið 2025 – 2026 voru skráð þrjú atvik. Mögulegur tannáverki og tvö minniháttar atvik til viðbótar.

Lokaorð

Skólaárið 2026-2027 verður haldið áfram að byggja ofan á það frábæra starf sem var á síðasta skólaári. Við munum leggja áherslu á að viðhalda jákvæðu og styðjandi starfsumhverfi og gera faglega starfið enn sýnilegra fyrir foreldra og fjölskyldur barnanna meðal annars með því að bæta upplýsingamiðlun sem og með Bók barnsins. Þá munum við leita leiða til að gera raddir barnanna enn sterkari í leikskólanum, til að mynda með því að börnin taki meiri þátt í mati á leikskólastarfinu og er það einnig hluti af því að innleiða Réttindaskóla Unicef, sem verður stór þáttur á skólaárinu. Það er okkur mikilvægt að skapa börnunum námshvetjandi umhverfi og álítum við ríkulegan og fjölbreyttan málþroska vera grunnur að því. Því heldur málörvun áfram að skipa stóran sess í leikskólastarfinu og er leitast eftir því að uppfæra þekkingu í takt við nýjar rannsóknir á málefninu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Þróunarverkefnið Bók barnsins mun einnig skipa stóran sess á skólaárinu og er vonast til að það hafi jákvæð áhrif á málþroska, samskipti heimilis og leikskóla, vinnu með heimamenningu og auka á sýnileika fjölbreytileikans í leikskólanum.

Það er óhætt að fullyrða að komandi skólaár verður bæði líflegt og fróðlegt.

Fylgigögn

- Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun
- Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun
- Fylgiskjal 3 - Skóladagatal
- Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	**Vegna**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímarammi**	**Ábyrgð**	**Viðmið um árangur**	**Staða**
Réttindaskóli Unicef	Stefnu Kópavogsbæjar og leikskólans Efstahjalla	Fræðsla til starfsfólks, foreldra og barna	2026/2027	Leikskólastjóri, Réttindaskólateymi	Viðurkenning frá Unicef	Hafið
Upplýsingamiðlun	Niðurstöður úr foreldrakönnun	Samræmd skráning, regluleg, stöðug miðlun. Innleiða Bók barnsins.	2026/2027	Stjórnendateymi	Mælingar úr foreldrakönnun	Hafið
Sýnileiki og samræming á faglegu starfi	Niðurstöður úr foreldrakönnun	Samræma orðalag og viðmið. Gera nám og stuðning sýnilegra. Auka faglega fundi á milli deilda	2026/2027	Stjórnendateymi	Mælingar úr foreldra og starfsmannakönnun	Hafið
Börn komi að mati á leikskólastarfinu	Stefnu Kópavogsbæjar og leikskólans Efstahjalla	Þróa matsaðferð fyrir börnin	2026/2027	Leikskólastjóri, teymi Réttindaskóla og deildarstjórar	Matsgögn frá börnum liggi fyrir	Ekki hafið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Starfsmannasamtöl regluleg yfir árið	Starfsanda, vellíðan starfsfólks og gæðastarfs	Stjórnendur taki frá tíma	2026/2027	Leikskólastjórnendur	Allt starfsfólk hafi fengið samtal.	Hafið
Viðhalda jákvæðum og styðjandi starfsanda á leikskólanum	Starfsanda, vellíðan starfsfólks og gæðastarfs	Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Ýta undir liðsheild.	2026/2027	Stjórnendateymi og allir starfsmenn	Mælingar úr starfsmannakönnun	Hafið
Efla málþroska og læsi	Stefnu Kópavogsbæjar og leikskólans Efstahjalla	Ritmál sýnilegra í námsumhverfi, fræðsla um málörvun til starfsfólks, kynna okkur nýjustu rannsóknir og aðferðir og máta við leikskólann	2026/2027	Verkefnastjóri málörvunar og stjórnendateymi	Sjálfsmat deilda-gæðaviðmið	Hafið
Vinna markvisst með heimamenningu allra barna	Stefna leikskólans Efstahjalla	Halda áfram þróun og vinnu með heimamenningu	2026/2027	Stjórnendateymi	Símat yfir árið	Hafið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026


Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2026 - 2027

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Efstihjalli

Fyrir börnin | Þátttaka foreldra | Skipulagsdagar



Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjal 2– Símenntunaráætlun						

Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildarfundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	vor 2026	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir hlutverk og ábyrgð starfsfólks í leikskóla.	2-3x á mánuði	ca 20 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Nýtt starfsfólk	Nýliðanámskeið Kópavogsbæjar	Fræðsla um starf í leikskóla	3 x yfir árið	2 tímar hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Menntasvið
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	Unnið á starfsdegi og á deildarfundum	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	1 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Námskeið: Vináttuverkefni Barnaheilla - Blær	18. september	8 tímar	100.000.-	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Tónlist og málörvun í leikskólastarfi	11.nóv	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Bók barnsins	20.jan	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Mat á starfi skólaársins	16. maí	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildarstjórar	Deildarstjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Starfsfólk sem sinnir stuðningi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í mánuði	1 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Tillögur / hugmyndir að umsögn foreldraráðs Umsögn foreldraráðs (*þessir punktar eru einungis hugsaðir til að hafa til hliðsjónar fyrir foreldraráð við yfirlestur starfsáætlunar***)**

Inngangur/almennt

T.d. hlutverk ráðsins (er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt)

Umsögn:

Hvernig er starfsáætlunin unnin?

- Lýsir hún starfsemi leikskólans; ○ markmiðum, áherslum og leiðum? ○ hvernig unnið er með börnunum til að þeim líði sem best? ○ hvernig starfsemin fléttast áhersluþáttum leikskólans?
  - ○ fyrirhugaðri foreldrasamvinnu – upplýsingum til foreldra
    - ▪ foreldraviðtölum, og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemina?
  - ○ hvernig matið í leikskólanum fer fram og hvaða matstæki eru notuð? •

Gefur hún yfirlit yfir starfsmannahópinn (menntun, reynslu o.fl.)

Lokaorð:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

T.d. í heildina telur foreldraráð að starfsáætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem framundan er.

Undirskrift foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026